

# Lífeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

7. tbl. Júní 1976



Vér þurfum að vita af lífinu á öðrum jörðum alheimsins, og leita  
sambands við það.

Helgi Pjeturss.

# Tunglgígur

(Sjá forsíðumynd)

Á þessari mynd sést hluti af stórum tunglgíg. Inni í honum er annar minni og í miðju er tindur, eins og er í mjög mörgum tunglgígum. Myndin er teiknuð af Lucien Rudaux og á að lýsa sólaruppkomu á tunglinu. Lucien Rudaux var merkur stjörnufræðingur og margar alþýðugar bækur um stjörnufræði hafa komið út eftir hann. Hann var einnig mjög snjall teiknari stjörnufræðilegra mynda.

„Á tunglinu er ríki þurrksins, óhreyfanleikans og þagnarinnar. Þar eru fjöll án rennandi vatns, sléttur án fljóta, vatnslaus höf, aldrei er ský á lofti, aldrei rigning, aldrei gola. Náttúran sefur eilífðarsvefni, geysileg eyðimörk, ýmist brennandi heit eða ísköld. Hið neðra er algjör þögn, hið efra blasa við hin svörtu djúp himnanna stjörnum prýdd.“

*Ingvar Agnarsson.*

Heimild: La Lune banlieue de la terre,  
eftir Jean Lacroix.

## Lífmagnan og draumar

Kirlianljósmyndataeknин gefur vissulega tilefni til margvíslegra hugleiðinga. Meðal annars leiðir hún hugann að vissum atriðum í kenningum dr. Helga Pjeturss, en eins og þið vitið flest öll, þá teljum við nýalssinnar Helga hafa verið stórmerkan vísendamann og að kenningar hans hafi alltof lítið verið rannsakaðar.

Ein af kenningum dr. Helga er um svefninn. Í svefnini, segir hann fer fram nokkurs konar magnan eða hleðsla taugakerfisins. Athugum þetta nánar. Eins og kunnugt er, geta allir venjulegir menn þolað lengur að vera án matar og drykkjar, heldur en svefnis. Svefninn er ekki aðeins venjuleg hvíld. Margir kannast við, hvernig jafnvel örstutt svefnstund endurnærir mann ótrúlega mikið. Menn geta lagst fyrir og hvílst, en þessi endurnæring lífaflsins gerist ekki eða mjög lítið, nema sofnað sé.

Í svefninum fer fram magnan, lífmagnan. Pessi lífmagnan, sem endurnærir sál og líkama, hlýtur að stafa frá einni alheims uppsprettu því að hún endurnærir allt líf á jörðunni. Hún kemur utan úr geimnum líkt og sólargeislarnir, rafgeislarnir og segulgeislarnir. Petta er sá hinn sami kraftur og kveikti fyrstu lífsneistana hér á jörð í öndverðu.

Um þetta segir dr. Helgi Pjeturss meðal annars: „Faraday, hinn mikli enski rafmagnsfræðingur, sagði, að hver ódeilisögn hefði áhrif á allan heiminn . . .“ „Vér getum farið lengra og sagt að hverju þessi áhrif alls á allt miða. Hver minnsta hræring, sem verður í heiminum, hver minnsta efni seind, leitast við að framleiða sjálfan sig um allan heim, breyta heiminum í sig. Frá hverri veru, hinni stærstu og margbrotnustu til hinnar smæstu og einfoldustu, stafa geislar, sem miða að því að framleiða sjálfa þessa veru . . .“ Út frá þessari kenningu ásamt ótal athugunum á svefn og draumum ogugarstarfi yfirleitt, kom dr. Helgi fram með kennunguna um *íleidslulögumálið*, og þegar það varðar lifandi verfur er það nefnt lífstarfíleiðsla, sem ber að skilja svo, að lífstarf-

semi einhvers einstaklings geti, við sérstakar aðstæður, að hluta til, eða að öllu leyti, framleitt sig í annarri líkri veru.

Parna er um að ræða skemmtilega samlíkingu. Faraday finnur íleiðslulög mál rafgeislans (electric induction), þ. e. straumur í einum umbúnaði vekur straum í öðrum, en Helgi Pjeturss talar um lífgeislan (sbr. rafgeislan) og lífmagnsíleiðslu (bio-induction).

Við skulum nú aðeins víkja út frá þessu efni og athuga, hvað vitað er um hugskeyti og skynjanaflutning yfirleitt. Það er alveg margsannað mál, að hugsana- og skynjanaflutningur á sér stað milli manna (og dýra einnig), en hvernig hann á sér stað eru menn ekki eins vissir um, og það er það sem vísindin keppast við að rannsaka og aldrei af meira kappi en einmitt nú. Og hvað segir svo dr. Helgi um þetta? Hann segir: „Til sérhvers orðs í meðvitundinni svarar sérstakt ástand heilans. Og ef nú getur flust orð frá huga til huga, þá er það af því að ástand eins heila getur haft þau áhrif á annan heila að sama ástand verði þar (sbr. íleiðslulög-málið, það eðli allra hluta að leitast við stöðugt að framleiða sitt ástand í öðrum hlutum, innsk. mitt). Með öðrum orðum ástand eins heila getur framleitt sig í öðrum. En ef svo er, þá getur alveg eins flust frá einum heila til annars það ástand sem samsvarar mynd í meðvitund þess, sem heilann á. En það þýðir það sama og að einn geti séð með augum annars . . .“

Það var út frá þessum niðurstöðum um, hvernig hugsana- og skynjanaflutningur ætti sér stað, að Helgi Pjeturss dró þá ályktun, að í draumi bærust mönnum skynjanir annarra manna, þó að þær skynjanir væru að vísu mjög ruglaðar og blandaðar af minningum og svefnkynjunum í heila hins sofandi manns, sem hinari utan-aðkomandi aðfluttu skynjanir vöktu upp.

Pessar skynjanir berast ekki aðeins milli manna hér á jörð, heldur einnig frá mönnum á öðrum jarðstjörnum víðs vegar um geiminn . . . En ef vita skal eðli drauma verða menn að gera sér grein fyrir þeim mikla mun, sem er á draumvitund og vökuvitund. Það er alveg meginatriði að átta sig á þessum mun, muninum á glöggri endurnáinningu og svo raunverulegri sýn, mynd í huganum. Að dreyma er eins og að sjá, en ekki eins og að rifja upp, það sem maður hefir séð. Draumurinn er líf, en ekki endurminning um líf. . . Petta er svona smá-sýnishorn af kennungum dr. Helga Pjeturss um drauma. Nýjustu rannsóknir styðja kennningar hans eindregið. Tæki, sem sýna heilabylgjur, sýna sömu svörun hjá manni, sem sefur og dreymir, eins og hjá vakandi

manni, en hins vegar öðruvísi svörun hjá manni, sem sefur en dreymir ekki. Starfsemi heilans hjá manni í draumástandi virðist hliðstæð starfsemi vakandi heila. Nú, sé þetta rétt, þá þýðir það, að sjái maður í draumi hluti, sem alls ekki geta verið til hér á jörð, þá hljóta þeir að vera á einhverri annarri (sbr. þegar Swedenborg sá í nokkurs konar draumsýn, flugvélar, sem ekki getur hafa stafað héðan af jörð, því að hann var uppi á átjándu öld). Helgi Pjeturss segir: „Það er alveg ljóst, að þegar ég í svefni sé sýnir, sem enginn getur augum litið á þessari jörð, þá er það af því að draumgjafinn sér slíkt þar sem hann er. Draumgjafinn er því ekki á þessari jörð, en þá hlýtur hann að vera á einhverri annarri. Í svefni höfum við á jörðu hér samband við menn á öðrum stjörnum . . .“

Við skulum nú athuga, hvort þetta þurfi að vera alveg eins ótrúlegt og þótt hefir hingað til. Það er augljóst mál, að nú, þegar skynjanaflutningur er orðinn sönnuð staðreynd, þá vaknar sú stóra spurning, hvað það tekur hann langan tíma að berast á milli. Sumir vísindamenn telja að fjarskynjun eða skynjanaflutningur sé óháður fjarlægð. Vandinn er sá að mæla þetta svo óyggjandi sé. Fjarlægðir á jörðunni eru ekki nógu miklar til þess að þetta sé framkvæmanlegt. En nú vill svo til að við höfum góða möguleika til þess arna þar sem eru geimferðirnar. Ég er næstum viss um að geimför þau, sem send hafa verið út í geiminnum nú að undanförnu, hafa innanborðs útbúnað, þar sem einmitt er verið að reyna að athuga þetta (sbr. það sem síðar segir um tilraunir til fjarskipta á þessu svíði). Við getum hugsað okkur til gamans eina tilraun: Það er búið að margþrofa það, að tæki tengd við lifandi jurt sýna, að skynbreyting á sér stað í jurtinni, eftir því hvernig tilraunamaðurinn hugsar til jurtarinnar, eða eftir því hvað hann gerir við aðra lifandi veru um leið og hann hugsar til jurtarinnar. Ótrúlegt en samt satt. Ef nú slík eða ámóta tilraun væri gerð í sambandi við geimfar, semstatt væri við t. d. Venus, þá myndi skráning tækisins berast með ljóshraða til jarðar, eins og allar radio-bylgjur gera, og það tæki um 4 mínútur. Ef nú ekki liðu nema þessar 4 mínútur, frá því að tilraunamaðurinn sendi hugskeytið og þar til svarið bærist um skynbreytingu hjá jurtinni, þá væri það sönnun þess að hugskeyti bærist með meiri hraða en ljós-ið og sterk vísbending um að það væri með öllu óháð fjarlægð, eins og líka margir álíta nú þegar. En þetta myndi opna augu manna fyrir því að kenningar dr. Helga Pjeturss um draumsam-

band milli hnatta væri engin fjarstæða (það má skjóta því hér inn í að sífellt oftar getur nú að líta í tímaritum um draumrannsóknir, skýringar þar sem fjarhrifa [telepatiskt] eðli drauma er til umræðu).

En víkjum nú aftur að svefninum. Mig langar að koma hérna með smálíkingu til að skýra hvað ég á við. Og sú líking er vafalaust mjög barnaleg, en ég vona að það móðgi samt ekki hin háu vísindi. Mig langar til að líkja manninum við vasaljós. Við vitum, að í rafhlöðu vasaljóssins er staðbundin orka, sem við ekki sjáum, en sem unnt er að gera sýnilega í viðssum skilningi. Við sjáum ljós, þegar kveikt er á vasaljósínu, og þetta ljós er sönnun þess að orka sé fyrir hendi í rafhlöðunni. Ef nú orkan hefir minnkað, vegna mikillar notkunar, þá sést það á ljósínu. Það verður daufara. Nú er ég alls ekki að segja að ljósíð í vasaljósínu og hin lýsandi útteislun mannsins séu eðlisfræðilegar hliðstæður, en má ekki samt nota þetta sem líkingu og gera tilraun samkvæmt því? Alveg eins og rafskin vasaljóssins verður skærara, eftir því sem það er hlaðnara raforku, eins er lífskin eða lífgeislan mannsins skærari, eftir því sem hann er hlaðnari líforku. Og má nú ekki hugsa sér tilraun, þar sem unnt væri að sanna þessa kenningu Helga Pjeturss um, að svefninn sé mögnunarástand, hleðsluástand, að maðurinn hlaðist líforku í svefninum sem stafi frá einhverri allsherjar lífaflstöð eins og minnst var á hér áðan? Tilraunina mætti gera þannig.

Tekin er Kirlian mynd af t. d. höndum manns, er hann leggst til svefns eftir starfsaman dag, og svo aftur um morguninn, þegar hann hefir notið eðlilegs svefns. Ef nú sést á myndinni, sem tekin var er maðurinn lagðist til svefns, að útteislunin er dauf, en svo aftur sterk á síðari myndinni, þá er það vissulega öflug vísbending um það, að kenning dr. Helga um lífmagnshleðslu í svefni sé rétt. Eins mætti hugsa sér aðra tilraun. Ef maður í sambandsástandi, eða miðilsástandi eins og kallað er líka, fengi samband við mjög magnaða veru, þá ætti vegna lögmálsins um lífstarfsíleiðslu að sjást, með samanburði Kirlian mynda teknum á undan sambandsástandi miðilsins og svo á meðan á því stæði, mismunandi útteislun.

Ég las fyrir ekki löngu bók um Edgar Cayce eftir bandarískra rithöfundinn L. W. Robinson, en hann hefir, að því er segir, verið mikill áhugamaður um rannsóknir á sviði parasálfræði. Hann segir í bók sinni þessi athyglisverðu orð: „ . . . Sovétríkin verja nú sem

svarar ellefu hundruð og sjötíu milljónum íslenskra króna árlega til rannsókna á sviði parasálfræði (fyrirburðafræði, dulsálarfræði). Bandaríkjastjórn lætur hins vegar ekki grænan eyri til þess konar rannsókna. Meðan við erum ennþá að bisa við að „sanna“ að til sé E.S.P. (skynjun utan hinna venjulegu skynfæra) og sömuleiðis gildi rannsókna dr. Rhine við Duke-háskóla, eru Rússar farnir að rannsaka, hvernig best megi hagnýta sér þessar skynjanir til fjar-skipta og svo framvegis. Peir eru að reyna að gera sér grein fyrir öflum sem hafa áhrif á sálargetu, og greinar frá þeim um þetta eru birtar í vísindatímaritum. Sovéskir vísindamenn flytja fyrirlestra um menn eins og Cayce, Croiset, Serios og fleiri miðla og sál-könnuði. Sovéskir vísindamenn eru komnir lengra en við í rann-sóknum á fjarskyggni, hluskyggni og dáleiðslu og þeir hafa jafn-vel búið til ljósmyndavél til að taka mynd af árunni, en það fyrir-bæri hafa bandarískir vísindamenn ekki ennþá viðurkennt. Í bók-inni *Psychic Discoveries Behind the Iron Curtains*, skýra þeir Ostrander og Schroeder frá því, að tæki til þess að greina rafsviðið kringum mannslíkamann, séu notuð í rannsóknarstofunni fyrir líf-fræðilegar tölvulæknингar í háskólanum í Leningrad . . .“

Og enn segir Robinson: „ . . . Trúarlegt mikilvægi alls þessa er augljóst. Það væri ekki nema eftir öðru að guðlausir kommúnistar yrðu fyrstir til að staðfesta vísindalega tilveru anda mannsins, eða með öðrum orðum sálarinnar . . .“ Petta segir hinn bandaríski rit-höfundur og er heldur óhress yfir, en hvað megum við þá segja Íslendingar, sem höfum haft á meðal okkar mann, sem er örugg-lega mesti vísindamaður, náttúrufræðingur og vitringur, sem komið hefur fram hér á landi og þótt víðar væri leitað. Mann, sem væri sennilega löngu orðinn heimsfrægur, hefði hann komið fram meðal einhverra af stórbjóðunum. Það er víst óhætt að segja, að með örfáum undantekningum hafa íslenskir vísindamenn ekki lyft litla fingri til að halda á lofti eða rannsaka kenningar Helga Pjeturss, enda þótt erlendar vísindarannsóknir nálgist þær nú stöðugt.

Aðeins þetta að lokum: Það var af því að nokkrum Íslendingum rann blóðið til skyldunnar, að þeir stofnuðu félag, sem hefir það á stefnuskrá sinni að afla kenningum dr. Helga Pjeturss (eins og þær birtast í bókinni Nýall og fleiri ritum), verðugrar athygli og virðingar.

*Kjartan Norðdahl*

Erindi flutt í Norræna húsinu,  
þann 13. nóv. 1975.

# Viðbætur við kenningar

## dr. Helga Pjeturss

### I.

#### Stapakenningin, Sambandsuppgötvanir

Eitt fegursta og tígulegasta fjall á Íslandi er Herðubreið, sem gnæfir við himin inni á öræfum á miðhálendinu. Hún er um 1000—1150 m há frá rótum og að viðáttu er hún um 20 ferkilómetrar.

Í nánd við Herðubreið eru Herðubreiðarlindir. Vaxa þar hvannir og annar fagur gróður. Er þarna sumarfagurt, enda er staðurinn mjög sóttur af ferðafólki því, sem leið sína leggur um háendi Íslands á sumrum.

Herðubreið er af þeirri gerð fjalla, sem stapar eru kölluð. Fjöll af eindreginni stapagerð eru talin vera 31 alls á öllu landinu og er Eiríksjökull stærstur þeirra allra en hann er 1000—1275 metrar á hæð frá rótum og viðáttu hans um 90 ferkilómetrar.

Helstu einkenni stapanna eru eftirfarandi: „Hlíðarnar eru brattar með hamrabrún efst umhverfis kollinn, sem er ýmist flatur eða hvelfdur, stundum með gíg í hvirflinum. Efni þeirra er móberg neðan til, oftast upp fyrir miðjar hlíðar, og innan um það meira eða minna af bólstrabergi, en hamrabrúnin og kollurinn eru úr basalthrauni, einu eða fleirum.“ (Guðmundur Kjartansson, Náttúrufr. des. 1966.)

Hinn merki íslenski jarðfræðingur, Guðmundur Kjartansson, kom fyrstur fram með viðhlítandi skýringu á myndun þessarar sérstæðu fjallgerðar, en hún er þannig:

„Eldgosin, sem hlóðu upp stapana, komu upp undir þykkum jöklí, bræddu hvelfingu upp í ísinn og síðan geil upp í gegnum hann. Vegna snöggrar kælingar í leysingarvatnину storknaði basaltkvikan í bólstraberg og glerkennda gosmöl (efni í móberg). Ísveggir héldu að þessum gosefnum á allar hlíðar og komu í veg fyrir að þau dreifðust. En þar kom, að geilin fylltist upp fyrir vatnsborð af gosbergi, sem myndaði einangrandi kraga utan um gosopið, milli gjósandi kviku og bráðnandi íss. Við þetta breyttist gosið úr þeytigosi (sprengigosi) í flæðigos, m. ö. o. úr öskugosi í hraungos, og lög úr venjulegu hrauni breiddust yfir móbergs sökkulinn og mynduðu jafnvel dyngju yfir honum. Par með var

fullmyndað fjall af stapagerð.“ (Guðmundur Kjartansson, Náttúrufr. des. 1966.)

Guðmundur Kjartansson setti upphleðslu- eða stapakenningu sína fyrst fram í 1. bindi Árnesingasögu árið 1943, en hún barst lítt eða ekki út fyrir landsteina Íslands, og varð því ekki kunn meðal erlendra jarðfræðinga, er glímdu við skýringar hliðstæðra náttúrufyrirbæra.

Oft er það svo, að hliðstæðar uppgötvanir eru gerðar, sitt á hvoru heimshorni, þótt engin vitneskja berist á milli frá þeim, sem fyrstur kemur fram með kenningu sína eða uppgötun. Svo varð einnig, að því er viðkemur stapakenningunni. Vestur í Ameríku í British Columbia eru til eldfjöll af sömu gerð og íslensku staparnir. Árið 1947 bar kanadíski jarðfræðingurinn W. H. Matthews fram nokkurn veginn sömu skýringuna á myndun slíkra fjalla, eins og Guðmundur Kjartansson hafði sett fram fjórum árum áður.

Kenning Guðmundar Kjartanssonar um myndun stapafjallanna hlaut smátt og smátt almenna viðurkenningu jarðfræðinga bæði hér á landi og annars staðar. En fullnaðarsönnun á þessari kenningu varð þó fyrst er eldgos varð á sjávarbotni suðvestur að Vestmannaeyjum og Surtsey myndaðist, árið 1963.

Surtsey er fullkominn „stapi“. Undir sjávarborði er hún móberg og bólstraberg, en er upphleðsla gosefna komst upp fyrir yfirborð sjávar, breyttist gosið í venjulegt hraunrennsli, og myndaðist einskonar „dyngja“, eins og raunar er á kollum flestra stapafjallanna.

Segja má með sönnu að sjaldan eða aldrei hafi eins vel viljað til með jarðfræðilega kenningu og jarðfræðilega sönnun hennar eins og hér varð raunin á.

## II.

Allmerkilegt má það heita er samskonar uppgötvanir eru gerðar sín á hvorum stað, þótt ekkert samband hafi verið þar á milli eða vitneskja getað borist milli þeirra, sem uppgötvanirnar gera, en slíkt hefur oft gerst í sögu vísindanna.

Samkvæmt kennungum dr. Helga Pjeturss getur stundum verið um einskonar fjarhrif eða hugsamband að ræða, og mætti þá hugsa sér að vitneskja gæti borist eftir lífgeislaleiðum frá einhverjum sem veit hið rétta og heima á á öðrum hnerti, til þeirra, sem leita skýringa á einhverju náttúrufræðilegu fyrirbrigði, eins og hér var um að ræða, þótt þessi fjarhrif eigi sér einnig stað milli fjarlægra

einstaklinga á okkar jörð. Og er svo vill til, sem að framan greinir, má gera ráð fyrir að um þessi tvenns konar fjarhrif sé að ræða: 1) frá vísindamanni þeim, sem fyrstur gerir einhverja uppgötvun á okkar jörð og 2) svo frá einhverjum íbúa annars hnattar, sem meira veit um þessi mál en nokkur jarðarbúi. Og gera má ráð fyrir, að flestar meiri háttar uppgötvunar, eigi rót sína að rekja til sambands við einhvern lengra kominn, fjarlægan stjörnubúa, sem tekst að koma þessari vitneskju sinni inn í hugskot jarðnesks vísindamanns, sem hefur verið að reyna að skilja einhver torráðin atriði í eðli og náttúru jarðar okkar.

### III.

#### **Viðbætur á grundvelli jarðfræði- og líffræðikenninga dr. Helga Pjeturss**

Með uppgötvunum sínum í jarðfræði Íslands gjörbreytti dr. Helgi Pjeturss skilningi annarra vísindamanna á jarðsögu lands okkar, og einkum að því er varðar ísaldartímabilið. Hann uppgötvæði m. a. fyrstur jarðfræðinga að fleiri en eitt jökluskeið hafa gengið yfir land okkar, með hlýskeiðum á milli.

Jarðfræðikenningar hans voru svo byltingarkenndar, að þær gengu í berhögg við ýmislegt það er fyrri- og samtímafræðimenn á þessu sviði höfðu haldið fram um myndunarsögu Íslands.

Til að byrja með urðu því nokkuð skiptar skoðanir meðal fræðimanna um þessar nýstárlegu kenningar dr. Helgi Pjeturss og það svo að jafnvel gætti nokkurrar óvildar í garð hans, frá hinum merka íslenska jarðfræðingi, Þorvaldi Thoroddssen, vegna þess að hans eigin kenningar reyndust ekki á nægum rökum reistar. En þegar fram í sótti skildist þó flestum, að dr. Helgi Pjeturss hefði haft rétt að mæla.

Með jarðfræðikenningum sínum lagði dr. Helgi Pjeturss grundvöllinn að síðari tíma rannsóknum á þessum sviðum. Kenningar hans eru sú undirstaða sem vísindamenn hafa síðan reynt að byggja ofan á.

Ein allra merkasta viðbótin við jarðfræðikenningu dr. Helgi Pjeturss er sú, sem Guðmundur Kjartansson bar fyrstur fram: stapakenningin. Þar er um verulega viðbót að ræða og byggir skemmtilega á þeirri skilningsundirstöðu sem dr. Helgi lagði, enda nú viðurkennd af öllum þeim, er leggja stund á jarðfræði.

Mestu hugsuðir hverrar vísindagreinar bera stundum fram kenningar, sem eru svo víðfeðmar og byggðar á svo traustri undirstöðu, að þar verður litlu við bætt. Má þar nefna kenningar Brúnós í stjörnufræði, sem tóku svo langt fram öllu því sem skilið hafði verið í þeirri fræðigrein til þess tíma. Síðan hafa stjörnufræðingar rannsakað stjörnurnar og himingeiminn í nærrí 400 ár, og með afar fullkomnum tækjum hina síðustu áratugi. Peir hafa að vísu mjög fyllt út í þá heimsmynd sem Brúnó skapaði, en varla verður sagt að um mikla grundvallarviðbót sé að ræða og því síður, að um sé að ræða breytingu á heimsmynd hans. Allar síðari tíma rannsóknir hafa fyrst og fremst staðfest, að réttar séu þær kenningar, sem hann bar fyrstur fram.

Eftir að dr. Helgi Pjeturss hætti að mestu rannsóknum sínum í jarðfræði Íslands (um 1912) tók hann að leggja stund á líffræði og fyrirburðafræði, og gerði þar svo stórkostlegar uppgötvanir, (lífgeislan, draumar, fjarskynjanir, lífsambond við aðrar stjörnur o. fl.), að enn hafa fræðimenn ekki átt að sig á mikilvægi þeirra.

Er þó við háskóla í ýmsum löndum mjög farið að stunda rannsóknir á ýmsum þeim sviðum líffræði og fyrirburðafræði, sem voru rannsóknarsvið dr. Helga Pjeturss. Hafa þessar rannsóknir mjög staðfest það, sem hann hélt fram í þessum málum, en ekkert í rannsóknum þeirra hefur hnekktt einu einasta atriði í niðurstöðum þeim, er hann komst að, heldur þvert á móti styrkt þær og staðfest. Ekki hafa þó þessar nýju erlendu rannsóknir fært okkur neinar raunverulegar viðbætur við kenningar dr. Helga Pjeturss, eða nýjan skilning á ýmsum þeim fyrribærum, sem enn eru tor-skilin, heldur fyrst og fremst fyllt út í þá heimsmynd, sem hann lagði grunninn að.

Pær raunverulegu viðbætur sem gerðar hafa verið við undirstöðukennningar dr. Helga Pjeturss, hafa verið gerðar af Íslendingum: Í jarðfræðinni er það stapakenning Guðmundar Kjartanssonar, eins og áður er getið, og í líffræði- og fyrirburðafræði, er viðbótin einkum fólgin í ættminnisfræði (ættminnisskilningi) Þorsteins Jónssonar á Úlfss töðum, en um hana geta menn lesið í bók hans Tunglsgeislum, enda of langt mál að skýra hér frá innihaldi þeirrar kenningar, en þar er um algjöra viðbót að ræða, við kenningar dr. Helga Pjeturss og byggir þó á þeim undirstöðum sem hann lagði.

Pess má einnig geta, að aðrir Íslendingar hafa borið fram þann skilning að „fljúgandi diskar“ sem oft sjást í gufuhvolfi jarðar

okkar, séu sambands- og hamfarafyrirbæri og eigi uppruna sinn að rekja til annarra hnatta. Þá má nefna, að Íslendingur, Þorsteinn Guðjónsson, hefur fyrstur manna boríð fram þann skilning að Kvasararnir, hínir furðulega ljóssterku vetrarbrautir á mörkum hins sýnilega heims, séu heimkynni alsamstilltra, máttugra lífvera, sem hafi þau áhrif á allt efni í nágrenni sínu, að vetrarbrautir þeirra verði lífmagnaðar mjög og sendi því frá sér geislun miklu meiri en þekkist í öðrum vetrarbrautum.

Ekki þarf að taka fram að þessi skilningur á hamfaraeðli fljúgandi furðuhluta í lofhveli jarðar okkar eða skilningurinn á lífmagnseðli Kvasaranna hefur enn ekki hlotið almenna viðurkenningu fræðimanna þeirra, sem við þessi efni fást. En athuganir þeirra og hugmyndir eru þó smátt og smátt að nálgast þennan skilning.

*Ingvar Agnarsson.*

## M Y R —

### Spekiorð frá ýmsum tínum

- Pað er hægur vandi að þola þjáningsar annarra. — *Cervantes*.
- Gerðir manna auglýsa best hugsanir þeirra. — *Locke*.
- Pú mátt ekki láta af að gera rétt, þótt aðrir dæmi rangt. — *Epiktet*.
- Regnboginn er bros himneskra sálna til huggunar syrgjandi sálum á jördinni. — *Zarapustra* (*um 1000 f. Krist. Persneskur spekingur*).
- Að þola örlögin er að sigra þau. — *Tb. Campbell*.
- Gættu þess, að segja skilið við lesti þína áður en þú sjálfur skilur við. — *B. Franklin*.
- Menntun er að vita það besta, sem hugsað hefur verið og sagt í veröldinni. — *Matthews Arnold*.
- Menntun er tvíeggjað sverð, sem verður til skaðræðis, ef því er ranglega beitt. — *Wu Ting-Fang*.

## Raddir úr geimnum

Fyrir þrem árum las ég grein í sánsku vikublaði „Hemmets Journal“ sem mér þótti mjög athyglisverð. Hún er um mann nokkurn, sem hefur lagt það fyrir sig, að taka upp á segulbandspólur raddir frá þeim framliðnu. Friedrich Jürgenson heitir hann og býr í Mölbo (fyrir utan Södertelja) í Svíþjóð. Hann er fuglaunnandi og naut þess að fá sér fjallgöngu og hafa segulbandstæki meðferðis, til að fá inn á bandspólurnar fuglasöng.

Það var í einni slíkri ferð, sem raddir komu óvænt inn á bandið hjá honum. Fyrst þótti honum þetta ótrúlegt og taldi að einhver hefði verið nærstaddir þegar upptakan var. Hann gerði margar tilraunir eftir þetta og var að lokum þess fullviss að framliðnir menn töluðu inn á bandið.

Pegar ofangreint blað kom út, hafði Jürgenson 400 bandspólur með röddum á frá þeim dánu, sem hann hafði tekið upp. Hann telur þessar rannsóknir vera svo umfangsmiklar, að hann orki ekki lengur að vinna að þessu einn vegna anna. Persónulega er hann andvígur miðlum, þar sem hann telur, að þeir fari ekki alltaf rétt með, að þeir geti verið undir áhrifum annarra meðvitað og ómeðvitað. Hann segir: „Ég hef tekið tæknina mér til hjálpar og henni má treysta.“

Oft hefur upptakan farið fram í nærveru margra vitna og gott eftirlit haft með að svikum væri ekki við komið. Árið 1963 komu fréttamenn víða að til Mölnbo, að beiðni Jürgenson, til að vera viðstaddir upptöku frá framliðnum. Trúlegt þykir mér, að þeir hafi einnig komið til að geta sannað á hann svík, en enginn þeirra skrifaði á þá leið.

Jürgenson segist hafa þekkt veröld framliðinna síðast liðin 15 ár og um hana segir hann á þessa leið: „Pegar maðurinn deyr sefur hann og dreymir oft leiðinlega drauma. Pegar hann vaknar þá gengur hann oft um og telur víst að hann sé lifandi og hafi aldrei dáið. Peir dánu eiga mjög erfitt með að skilja að þeir séu dánir. Kannski vegna þess að þeir þekkja ekki þann himinn, sem þá hefur dreymt og óskað eftir. Lífið þar er hrein spegilmynd af vorri eigin veröld, en samt miklu betra. Sjúkir menn vakna upp eftir dauðann, sem frískir og það gerir þá ölvanda af gleði. Þeir eta eins og við en ekki kjöt og fisk, þar sem þeir meta og bera mikla virðingu fyrir öllu því, sem lifir. Ein af þeim skyldum sem

þeir verða að framkvæma, er að taka á móti og vekja upp þá dauðu.“

Fyrir 14 árum kom rödd inn á segulbandspólu, sem sagðist heita Hitler, en kvaðst ekki lengur vera það illmenni, sem hann var hér á jörðinni. Sem eitt dæmi um það, segist hann umgangast gyðingana mikið núorðið og þeir hafi fyrirgefið sér fullkomlega.

Nú beinist hugur Jürgensons að því takmarki, sem hann hefur dreymt lengi, það er að byggja hús á Ítalíu, með sem fullkomnustum rannsóknartækjum, sem völ er á til að rannsaka lífið eftir dauðann. Einnig skal hvíldarheimili vera þar, svo mögulegt sé að njóta sólar, baða, lista, og ótæmandi grænmetis og ávaxta. Allir vísindamenn eiga að vera þar velkomnir.

Í bókinni „Er líf eftir dauðann“ eftir Níls O. Jacobsen, er minnst á tilraunir Jürgensons og er þar getið um að hann hafi náð sífellt nýjum boðskap á segulbönd. Árið 1964 gaf hann út bók um málið, Rösterna från rymden, sem vakti athygli margra. Tæknifræðingar voru viðstaddir og rannsókuðu upptökurnar en voru ekki sammála um uppruna þeirra. Þessi árangur freistaði annarra, þar á meðal Konstantín Raudive, sem búsettur er í Pýskalandi, en er frá Eystrasaltslöndunum. Hann gaf út bók 1968 sem nefnist, Unhörbares wird hörbar, (Hið óheyranlega verður heyranlegt). Petta mikla rit greinir frá 72.000 sannanlegum raddirfyrribærum, segir Jacobsen.

Velheppnuð upptaka gerist með þrennu móti, að sögn Jacobsens. 1) Nokkrar manneskjur sitja við bord og tala saman. Á borðinu er hljóðnemi, sem tengdur er segulbandstæki. Fólkidílar rólega saman, gerir oft málhvíld og beinir jafnvél spurningum að „öndum“, sem hugsanlega eru nálægir. Í málhvíldum koma fram á segulbandinu raddir, sem gera sínar athugasemdir við samtöl fólkssins og svarar spurningum þess. 2) Segulbandstækið er tengt útvarpstæki og leitað er að réttri bylgjulengd, sem gefur jafnan klið eða þyt. Pegar hlustað er síðan á segulbandið, heyrast raddirnar í gegnum kliðinn. 3) Notaður er hljóðnemi segulbandstækisins í stað útværpsins, en nálægt hátalara þess er komið fyrir hljóðnemanum, þá reyrast raddirnar koma frá hátalaranum. Raudive heyrði ekkert skiljanlegt fyrr en eftir þriggja mánaða tilraunir.“

Ég álít það koma fram að Jürgenson hafi þann skilning á lífinu eftir dauðann, að framhaldslífið sé af holdi og blóði á annarri jarðstjörnu, svo sem kenning dr. Helga Pjeturss segir til um. Jürgenson álítur, að lífið eftir dauðann sé miklu betra en það er

hér á jörðu. Því miður er það ekki alveg rétt hjá honum. Það eru til miklu verri staðir og hryllilegri í framhaldslífinu en vor jörð er. Byggist það á lífnerni mannsins, hvort lífgeislan hans beinist á slæman eða góðan stað. Einnig telur hann að miðlar séu varhugaverðir, þar sem þeir verði fyrir áhrifum annarra, meðvitað eða ómeðvitað. Petta mun vera rétt hjá honum að nokkru leyti. Sitjararnir (fundargestir) hafa mikið að segja, í þessum efnum, á öllum miðilsfundum. Þá hafa utan að komandi öfl ekki síður áhrif og þá á ég við neikvætt og jákvætt andrúmsloft, sem er í umheiminum. Ef sitjararnir hafa myndað sér einhverja ákveðna skoðun, sem kannski er röng, þá verður erfitt fyrir miðilinn að koma því rétta fram. Oft er æskilegt að vera opinn og hlutlaus í hugsun á meðan fundur stendur yfir. Níls O. Jacobsen minnist á hér að framan „að andar séu nálægir“. Ég leyfi mér hiklaust að segja, að þeir sem álita að framhaldslífið sé einhver andaveröld fari með rangt mál. Svipir sem oft sjást umhverfis fólk og áberandi mikið á miðilsfundum, gera það að verkum að margir aðhyllast andatrúna, vegna rangra athugana á þessum fyrirbærum. Parna er lífgeislinn að verki. Hann, sem streymir frá þeim framliðnu sem eru að reyna að koma fram hér á jörðu, en það tekst ekki betur en þetta. Þó hefur það komið fyrir á miðilsfundum að mögnunin hafi orðið það mikil að líkamningar hafa myndast af holdi og blóði, sem síðar leysast upp í gufukennt efni.

Parna er um hamfarir að ræða, á sama hátt og hlutir afefnast og koma fram á öðrum stað.

*Porbjörn Ásgeirsson*

Flutt á fundi Félags Nýalssinna á Akureyri, 24. febrúar 1976.

## M Y R —

### Spakmæli úr ljóðum Steinríms Thorsteinssonar

---

Dýpst sár drjúgum eru  
duld und mestri huldu.

---

Illa brennir undan sér,  
ómaklegur heiður.

---

# Árur og andlátsgerfi

## I.

Eins og ég áður hefi tekið fram, þá var það nokkuð lengi eftir að hafa öðlast skilning á sambands- og samskynjunareðli svefnsins og draumanna, að ég hélt hina svokölluðu skyggni vera einhvern sérstakan augnhæfileika, og ætti því tregða gegn rökfærslum mínum fyrir hinu gagnstæða ekki að vera mér undrunarefni. En þar sem ég get ekki betur séð en að með þeirri rökfærslu hafi ég að eins verið að halda því fram, sem raunverulega er, þá ætla ég að bæta þar nokkru við. Prátt fyrir allt get ég ekki varpað frá mér þeirri trú, að sannleikurinn eða það að komast sem næst hinu rétta, megi framar öllu öðru verða til þess að gera menn sáttu og samtaka. En um gildi þess, að mönnum auðnist að verða sáttir, mun naumast verða deilt.

Fyrir ekki löngu átti ég tal við merkan mann, sem ég hafði heyrt sagt, að verið hefði „skyggn“ og þó ef til vill einkum á þann hátt að sjá „árur“ manna, sem mér og öðrum slíkum eru með öllu ósýnilegar. Játadí hann nú fyrir mér, að hann hefði stundum séð þetta áður, meðan hann var á léttara skeiði, en nú er ég átti þetta tal við hann, var hann það ekki lengur. Ég spurði hann, hvernig hann hefði séð þetta. „Nú, ég sá þetta eins og þegar ég horfi á eitthvað,“ svaraði hann. En þegar ég svo fór að tala um, að hinir skyggnu menn sæju a. m. k. stundum með lokuðum augum það, sem um væri að ræða, þá eins og rankaði hann við sér og sagði: „Ja, það er nú líklega, að ég hafi lokað augunum, þegar ég sá þetta,“ og þótti mér þá sem enn hefði ég fengið nokkurn stuðning málí mínu til sönnunar, því að „skyggan“ varðandi „áruna“ var einmitt það, sem ég þrátt fyrir allt hafði eitthvað efast um, að skilningur minn næði til.

## II.

Í *Draumum og dulrúnum* sínum segir Hermann Jónasson á einhverjum stað frá þeirri reynslu sinni, að hann, þar sem hann lá veikur og að dauða kominn, hafi hann séð sjálfan sig eða mynd sína uppi yfir sér í herberginu, en þó jafnframt því eða aðra stundina sjálfan sig ligggjandi í rúminu. Einnig getur hann þess, að sér hafi virzt bróðir sinn verða fyrir hinu sama rétt fyrir andlát sitt, og rifjaðist þetta upp fyrir mér í viðtali milli mína og annars

manns fyrir skömmu. Nú kemur mér að sjálfsögðu ekki til hugar að líta á það sem markleysu eina, sem Hermann segir þarna frá, né heldur hitt, sem stóð í bréfi til míν fyrir ekki mjög löngu, að „þæði skyggfir og óskyggfir menn“ hafi séð eitthvað líkt þessu stíga upp af deyjandi fólk. En hver væri þá sennilegasta skýringin á þessu?

Varðandi „áruna“ bar ég hér ekki fram aðra skýringu en þá, að hún muni ekki vera augnsén, og getur þar þá naumast verið um annað að ræða en sambandsskynjun, sem hlutaðeigandi stillir hins „skyggna“ manns til þess að sjá. Hið líklegasta þykir mér, að „áran“ eða geislablikið tilheyri ástæðingi þess, sem í hlut á, ástæðingi eða verndarveru á meira en mannlegu þroskastigi, og mun margt verða betur ljóst en nú er, þegar farið verður að sjá fram á, hve djúptækt lögmál þarna er um að ræða. Þykir mér sem út frá þessu lögmáli eða vitneskju um það muni fyrirmynndafræði Platons og tilsvaranafraði Swedenborgs vera komnar, en eins og lesendum Nýals mun vera kunnugt, þá byggði Helgi Pjeturss þar á skilning sinn varðandi eðli spádóma og fyrirframskynjana. Trúlegt þykir mér líka, að forlagatrú eigi þangað rætur að rekja, og vil ég þó taka það fram gegn oftrú í því efni, að þrátt fyrir vald ástæðis og aðdraganda er þó á hverjum stað ævinlega verið á vegamótum. Örlög á verri veg eru aldrei alveg óyfirlígtanleg. En svo að ég víki aftur að umræðuefninu, þá þykir mér líklegast, að einnig andlátsgerfin, sem ég nefni hér svo, séu sambandsén eins og „áran“. Að deyjandi maður eða að dauða kominn líkamist í loftinu fyrir ofan frumlífslíkama sinn og verði af honum sýnilegur, og að sá líkamingur sjái þá einnig líkamann fyrir neðan sig, það þykir mér ekki stórum líklegra en að fólk sjái nokkru sinni með fingurgómunum einum saman, sem þó hefir reyndar verið haldið fram. Hið líklegasta þykir mér, að í dauðanum sé ekki um neina skynjun hins deyjandi manns að ræða, að dauðinn sé óvitsástand ennþá meir en svefninn, og að af því óvitsástandi vakni einstaklingurinn ekki fyrr en hann hefir endurbyggst nokkurnveginn til fulls á sínum framlífsstað. Andlátsgerfin þykir mér því langlíklegast að séu einungis fjarskynjanir í sambandi við það, sem varðandi hinn deyjandi einstakling er þá að gerast en að sjálfum honum óvitandi. En í andlátinu þykir mér hinsvegar líklegt, að átt geti sér stað togstreita eða víxlhvarflan á milli fráhvarfs og aðhvarfsstaða, og að sambandsskynjanin mótið þá af því.

Porsteinn Jónsson á Úlfssstiðum.

# Snilliyrði úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar og íslensk heimsfræði

Í fimmta hefti „Lífgeisla“, des. 1975, er birt nokkuð af spakkum Steingríms Thorsteinssonar. Er ég leit yfir þetta var endurvakinn hjá mér löngun til íhugunar á verkum þessa merka og mikla skálds. Annars vil ég taka hér fram, aður en lengra er haldið, að ég er mótfallinn öllum samjöfnuði á andagift og snilli góðskálda vorra, því „hver hefir til síns ágætis nokkuð“. En þó svo sé, tek ég oft ljóðabók Steingríms, þegar ég fæ löngun til að komast í snertingu við heiðríkju hugans, mannvit og snilli, eins og ég hefi áður komist að orði á öðrum stað. — Steingrímur er oft fáorður um margvísleg og áríðandi viðfangsefni, en er gagnorður og hittir jafnan í mark, sem ekki gleymist. Í ljóðum hans kemur víða fram skarpur skilningur á ýmsum ráðgátum og vandamálum mannlífsins og nálgast sumt heimsfræði dr. Helga Pjeturss, sem síðar kom fram. Af handahófi vil ég hér benda á hið fagra kvæði Vetrarnótt, sem lýkur með þessu erindi:

Hugum sem í hæðir snúa,  
hefja von til sólarlanda,  
þeim, sem eilífð birtu ber.  
Skal þitt stjörnubelti brúa  
breiðast djúp á milli stranda,  
lífsins þar og lífsins hér.

Einungis stórkáld getur þannig kveðið. Skyld hugsun kemur fram í ástarljóðum Steingríms. Skal hér nefna „Óskin“, samtal elskenda, „Ef værum stjörnur orðin þú og ég“ og eins í „Löngun“, „Sjái ég stjarnanna sæg glitra bláhimins geim“ o. s. frv. og víðar. — Ástarljóð Steingríms eru sérstæð og rísa hátt. Andi þessara ljóða er víða í skyldleika við ritgerðir dr. Helga, um þessi efni, sem er að finna í öllum bindum Nýals eins og kunnugt er. Aldrei áður hefir mannkyninu verið birtur jafn fagur, rökfastur og áríðandi skilningur í þessum efnunum sem þar og svo mjög samofin eða einn þáttur í hinni stærstu uppgötvun á heimi og lífi. Hér blasa við hin hæstu markmið að leiðum fullkomleikans. Menn verða að beina huganum til hærri sjónarmiða og átta sig á því, að sú leið sem svo oft hefir verið farin, er með meiri og minni helstefnu-einkennum.

Bjarni Bjarnason, Brekkubæ.

## Blindur í vöku – sjáandi í draumi

Í útvarpsþætti einum, fyrir skömmu, þar sem rætt var við blindan mann, létt hinn blindi maður þess getið að hann væri jafnan sjáandi í draumum sínum.

Pessi einfalda staðreynd vakti athygli mína, þó ekki fyrir þá sök að hún kæmi mér á óvart, því betta var einmitt það sem vænta mátti, ef litið er til kenningar dr. Helga Pjeturss um eðli drauma, en hún er sú að dreymandinn sé „samvita“ vakandi manni og sjái með hans augum.

Pessi frásögn er fyrt og fremst athyglisverð fyrir þá, sem telja skýringar dr. Helga vafasamar eða jafnvel fjarstæðu, en ætla að draumlíf manna byggist á einskonar myndasýningu þess hluta sálarlífsins, sem þeir kalla „undirmeðvitund“ mansins.

Í framhaldi af þessari síðari skýringu mætti spyrja: Hvað veldur því að maðurinn er ekki blindur í draumum sínum eins og í vöku? Skýringin byggir þó á þeim grundvelli að maðurinn sé hinn sami í svefni og vöku. En hann reynist vera annar.

Petta verður því furðulegra þegar þess er gætt, að í þessu tilfelli verður maður í blóma lífsins fyrir þeirri þungu raun að tapa sjóninni. Pessi afgerandi og alvarlega skerðing á skynjun mansins hefur þó ekki þau áhrif á sálarlíf hans að þess gæti í draumum hans.

Það er eitt af fjölmögum dæmum, þar sem skýringar dr. Helga Pjeturss falla að draumreynslu manna og gefa fullnægjandi svör, þar sem aðrar skýringar lenda í blindgötum.

Gunnar Grimsson

## M Y R —

### Spakmæli eftir Seneca (rómverskan speking)

- Letin er hverjum einum mesta hindrunin.
- Seint er að fara að spara, þegar þrotið er. Að lokum er ekki einungis lítilræði, heldur dreggjar.
- Meðan frestað er framkvæmd, fer lífið áfram leið sína.
- Fylginautur vonarinnar er óttinn.
- Trúðu mér: Sönn gleði er ævinlega í fullri alvöru.

## „Það lá við að yrði að svæfa mig aftur“

„Hvort tveggja má verða, að draumgjafinn líkamist hér og að hinn sofandi maður líkamist á jörð draumgjafa síns,“ segir í ritgerðinni „*Merkileg draumlifun og sýn til þess, sem verða má*,“ eftir Helga Pjeturss, sem prentuð er á íslensku í bók minni „*Draumar og svefn*“. Nú er það að vísu þannig, að ég tel það fremur til undantekninga, að hinn sofandi maður líkamist á öðrum stað meðan hann sefur og þá alls ekki af einum saman sjálf-dáðum, en nú á stundinni kom mér í hug dæmi, sem mér virðist þó benda til slíks.

Maður nokkur, sem er kunnur listamaður og einnig kunnur að því að vera vitranamaður, sagði mér eftirfarandi af sjálfum sér. Sagðist hann í einhvers konar leiðslu hafa átt tal við mann sér nákunnugan, sem látni var þá fyrir ekki löngu og í nokkuð hárrí elli. Nú þótti honum hins vegar þessi látni maður líta út líkt því, sem verið hafði, þegar hann kynntist honum fyrst, en þá hafði hann verið á besta skeiði. En það sem sögumannínum þótti skrítast af því, sem hinn látni maður sagði, var þetta: „Það lá við að yrði að svæfa mig aftur,“ en skrítid þótti sögumannínum það vegna þess, að þessi látni maður hafði aldrei verið svæfður á þann hátt, sem gert er, þegar skurðaðgerðir fara fram. Spurði sögumaður mig, hvernig ég skýrði þetta, og þótti mér því vera auðsvarað. Eftir því, sem ég þóttist hafa komist næst og getið mér til, þá taldi ég það vera hið venjulega, að til framlífs og á framlífsstað vöknudu menn af svefni, og hafði ég þar fyrir mér hvor tveggja, framlífsfrásögur og svo það, sem mér nærri því þótti sem hlyti að vera. Sé svo, sem ég efast ekki um, að svefninn sé sambandsástand og magnþoku fyrir sofandann, þá liggur það alveg í augum uppi, að við byrjun framlífs hljóti að eiga sér stað svefn, og þá stundum ekki aðeins um skamma stund eða stundir, heldur langtínum, og taldi ég því víst, að af slíkum blundi hefði hinn látni öldungur vaknað, en vegna undrunar yfir því, sem þá blasti við, hefði hann snöggvast misst stillingu sína svo að við hefði legið, að hann yrði látni sofna aftur.

En á hvern hátt fór nú þetta samtal fram þarna á milli öldungsins látna og sögumanns míns? Var þetta einungis draumur hans þannig, að hinn látni maður hafi átt samtal við draumgjafa sögumanns míns? Eða var þetta á hinn veginn, að sögumaðurinn hafi um stund líkamast á jörð hins látna manns?

Eitt af því, sem þessi sögumaður minn hefir sagt mér, en ég man ekki hvort hann sagði mér í þetta sinn eða eitthvert annað, var á þá leið, að þegar hann felli í leiðsluástand sitt, þá yrði hann það, sem kalla mætti meir en kaldur viðkomu, og hafði hann það eftir konu sinni. Það, sem hann sagði mér um þetta, var með öðrum orðum á þá leið, að snerting við hann í þessu leiðsluástandi, dragi hita frá snertandanum meira en nokkur venjulegur kaldur hlutur, og sýnist mér sem slíkt bendi til þess, sem mér þykir sem telja megi öfugt við hið venjulega. Hið líklegasta er og hið venjulega, að fremur en hitt geisli kraftur frá sofandi manni, enda minnit mig, að Helgi Pjeturss tali einhvers staðar um slíkt. En hafi nú hið óvanalega átt sér stað þarna, sem þó er ekki nema annað af fyrr nefndu hvor tveggja, að sögumaður minn hafi um stund líkamnast á jörð hins framliðna vinar síns og þannig átt tal við hann, þá er einmitt þetta eins og við mætti búast. Hið líklegasta er, þegar slíkt á sér stað, að geislanin frá líkama hins sofandi manns verði til afmögnunar þeim, sem þá í námunda við hann eru staddir og að snerting við hann leiði slíkt alveg sérstaklega skýrt í ljós.

*Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.*

## M Y R —

### Úr ljóðum Einars Benediktssonar.

Hver duftsins ögn er bygging heilla heima,  
með himna segulmætti og stjarnareiki.

Vort mál er Grettis mál, að herrans ráðum,  
það mál, sem guðir lögðu oss á tungu.

Og takmarkalausa hnattadýrðin háa,  
hún horfir yfir ógrynni þess smáa.

Á alheims miði stjörnubarnið lifir  
með himnaríki og hel í eigin barmi.

Svo margt skín þó eplið á glitmeiðsins grein,  
og gott er um sólbros í hnattanna dansi.

## Hugleiðingar um lífsambönd

Sitthvað hef ég reynt að festa á blað af hugdettum mínum og atvikum úr lífi mínu sem gefa sjálfum mér bjargfasta sannfæringu um þá keðju sem tengir saman lífið í alheimi. Það er jafn víst og þau bönd sem fast binda þá jörð sem við njótum að vera lifendur á við tungl og sól þess sólhverfis, sem jörð okkar tilheyrir. Til að sanna þá vissu öðrum er penninn minn of seinvirkur, það er eins fráleitt og að skjóta niður mannshugann með eldflaug eða elta hann uppi. Hugarorka er eina aflíð sem hægt er að beita til árangurs. Til að skýra hvað átt er við má kannski setja upp dæmi. Ef við skoðanabréður, sem búum út um land reyndum eftir fremsta megni að skrifa niður einhverja punkta af því, sem hugur okkar segir að fram fari á sambandsfundum ykkar í Reykjavík og bera síðan saman við það, sem þið skráið frá ykkar fundum. Jafnvel þó illa gengi í fyrstu er ekki víst nema eitthvað kæmi fram sem yrði til að efla hugarorku hugsendingar og móttöku. Ég segi þetta vegna þess að sjálfur hef ég reynt nokkrar óljósar ábendingar í þessa átt og hef löngun til að reyna meira þó stirðlega gangi. Ekki er það margt sem mér hefur veitt meiri ánægju af því sem á bók verður lesið, en að sjá í Félagsblaðinu minnst á einhvern Jón, sem dreymdi Krist. Því af eigin raun veit ég, að ekkert getur fært hlutaðeigandi bjartari von um framtíð alls lífs á þessari jörð, en að sjá með aðstoð draumgjafa síns svo háþróaða guðlega veru.

Ekkert er jafn víst og það, að ef prestar þjóðkirkjunnar á Íslandi gætu borið gæfu til að tvinna saman hugarorku sína og safnaða sinna, þó ekki væri nema eina mínutí, til að veita viðtöku skapandi mætti guðdómsins, mundi fljótt og á einfaldan hátt skýrast pásku- og hvítasunnufyrirbærin fyrir Íslendingum öllum og síðan öðrum þjóðum þessarar jarðar.

Að efla góðhug umhverfis síns er máttarstoð stjórnanndans. Að rétta hinum fallna bróðurhönd er að sigra eigin dauða.

Mig dreymdi að ég væri staddir við líkbörur föður míns í fylgd með einhverjum öðrum. Finnst mér við vera að flytja líkið til einhvers annars staðar, sem ég geri mér ekki grein fyrir hver var. Allt í einu gerist eitthvert atvik, sem ég heldur geri mér ekki grein fyrir, sem veldur því að börurnar detta þeim megin sem höfuðið var. Og þá gerist það að hinn dáni þeytir með hendinni af sér yfirbreiðslunni og sest upp í hvílu sinni. Mér varð bilt við þetta í fyrstu en síðan grípur mig fögnumur mikill og ég gat

ekki vitað hvað ég gæti gert til að vernda hann. Þykist ég þá ráða það við mig í draumnum að við fallið hafi eitthvað það gerst í höfði þess dána sem hafi orsakað fyrirbæri þetta og sá hinn sami hélt áfram að hressast. Með meiru í sambandi við þetta fannst mér lítill drengsnáði koma hlaupandi og hrópa þegar hann sér þann upprisna: „afí“. Hljóp hann upp um háls honum. Fóru þar fram hin innilegustu faðmlög. Líka fannst mér í draumi þessum að hinn upprisni vera konan mínn en ekki faðir. Pó ekki hafi verið sögð hér nema nokkur atriði úr lengri draum má greinilega sjá að draumgjafar eru fleiri en einn, og trúlega áhorfendur að atburðum, sem minna á kraftaverk Krists á þessari jörð.

Lífsmóðir sólhverfis  
jarðar vorrar  
ljósorku sendir  
blómi hverju.  
En ilmgrös svarðarins  
aftur næra  
elskendur þá  
sem landið erfa.

*Guðmundur Guðbjartsson*

## M Y R —

### Úr ljóðum Einars Benediktssonar.

Ég elska þig, djásnið dýrðarbjarta,  
demant á himinsins tignarbrá,  
geisli af kærleik frá guðdómsins hjarta.

Almáttka segurð, hrein og há,  
ég hneigi þér, ann þér með brennandi þrá.

Sóldýrð er yfir engjum og flæðum,  
og eldslæður bлиka á fjarlægum hæðum.

Ég veit, að allt er af einu fætt,  
að alheimsins líf er ein voldug ætt,  
dauðleg, eilíf og ótal-þætt  
um afgrunns og himins slóðir.

## Forspjallsorð

Undra fram á eyðilöndum  
eru lindir, sem hrjóstur binda,  
óþrotlegar, svo aldrei slítur  
efni hvers, er betr má stefna, —  
kvistir og fræ, er kólgú og frosta  
kaldan þoldu og langan aldur, —  
kjarni sá, er — ef eldar orna  
andans — þróast, svo hölknin gróa.

Par eru heimar horfins tíma,  
hundraða ára falin í grundu  
minning þögul ótal anna, —  
á óp og kall er þar hlustað valla, —  
farðu því hljótt um furðu gættir,  
flangrirðu með lausung þangað,  
yfirborðs glepsi, handa hrifsi,  
hismi náir, en eingum tisma.

Kyrlát önn skal klungrin erja,  
kafa til alls, þótt djúpt sé að grafa,  
sesam eitt það orkar að leysa  
álögum haldnar liðnar aldir:  
opnast salir, blómleg býli,  
bæja mergð og lýða ferðir,  
landið fult af lífi og yndi,  
lá og straumar og vötnin bláu.

Jón Porkelsson (*Fornólfur*).

# Draumar

## DRAUMUR UM ÓHUGNANLEGA MATREIÐSLU

### I.

Mig dreymdi að ég þóttist starfa við matreiðslu. Í fati við hlið mér var hrúga af einskonar ormum. Peir voru frekar stuttir og sverir, eða líkt og stórir brekkusniglar. Þessir ormar voru gráir á lit og þeir voru lifandi.

Ég tók nú þessa orma, einn í einu, og skar þá sundur í tvennt. (Við vitum að sumir ormar, t. d. ánamaðkar, deyja ekki, þótt þeir séu skornir sundur). Lét ég svo stykkin á steikarpönnu, sem var glóðheit, og stóð á eldavél beint fyrir framan mig. Ég horfði á þessa sundurskornu orma, þar sem þeir engdust af kvöllum á sjóðandi heitri pönnunni. Ég fann sjálfur til geysilegrar vanlíðanar og einhvers konar samkenndar með ormunum, og ég skammaðist mín, fyrir að vera valdur að þjáningum þessara litlu dýra. Það var eins og kvalir þeirra legðu yfir í líkama minn og taugakerfi, og að sterkt tilfinningasamband væri milli mín og þeirra á þessari stundu.

Ég reyndi að hrista af mér þessa samkennd og samtilfinningu, og reyndi að hugsa mér, að ég gæti víst ekkert að þessu gert, því þetta væri mitt starf. Mér væri ætlað að vinna þetta verk. En ég fann þó mjög til þess, hve glæpsamlegt þetta athæfi væri og ómannuðlegt. — Póttist ég svo halda áfram þessum starfa, að skera sundur ormana og steikja þá á pönnunni, þrátt fyrir óbeit mína á, að verða að gera þetta.

### II.

Í draumi þessum kemst ég í samband við draumgjafa, sem hefur með höndum óhugnanlegt starf og ómannuðlegt. En hann finnur þó til þess, að svo sé.

Mörg munu vera þau störf á okkar jörð, sem ekki eru betri eða mannuðlegri, og finna þó ekki til þess, allir sem við þau fást. Á landi okkar eru stundaðar veiðar allskonar, og í flestum tilvikum virðist ekki vera unnt, að koma í veg fyrir þjáningar veiðidýranna, jafnvel þótt reynt væri, en einnig er oft misbrestur á, að neitt sé til þess gert.

komumst við. Þá tók við árbakki, hann virtist vera harðbali, vaxinn snöggum grasi og framundan nokkuð stór á, og ég vissi að hún kom úr stóru vatni, sem lá innar í dalnum. Þegar við komum að ánni þá sagði förnautur minn: „Hér er ekki hægt að komast yfir, aín er óvæð.“ „Jú,“ svaraði ég, „við göngum yfir hana, ég skal leiða þig, en þú verður að horfa á móti birtunni og ekki vera hræddur.“ „Pað er ekki hægt að ganga á vatni,“ sagði hann. „Jú við getum það, en þú verður að treysta mér,“ svaraði ég og rétti honum hendina. Svo gengum við af stað ofan á vatninu.

Þegar við vorum komin svona miðja vegu fór hann að líta niður fyrir sig og þá fór hann að stíga í, óð uppendir hné, og varð hræddur. Ég sagði honum þá að líta í birtuna og gerði hann það og þá fór hann að ganga aftur ofan á vatninu. Þegar við komum yfir, sagði ég honum að lengra mætti ég ekki fylgja honum, hann yrði að komast hjálparlaust það sem eftir væri, upp í birtuna, því þangað ætti hann að fara, svo horfði ég á eftir honum, þar sem hann staulaðist upp í móti, og þá vaknaði ég.

Sigríður Jónsdóttir

## DRAUMUR UM SÉRKENNILEG SJÓDÝR O. FL.

### I.

Aðfaranótt 24. maí 1976 dreymdi mig eftirfarandi draum:

Ég þóttist ganga á rekafjöru með manni sem ég þekki. Þótti mér sem þetta væri mín fjara en kannaðist þó ekkert við staðhætti. Maðurinn vakti athygli mína á að við værum komnir fram hjá fjörumörkunum. Ég lét það gott heita, enda fannst mér ég alls ekki þekkja þessi mörk, og snerum við á leið til baka.

Reki reyndist lítill, aðeins eitt bord 1x6 tommur og um 15 feta langt. Gengum við nú þar til við áttum að nálgast hitt fjörmarkið. Fór þar á sömu leið ég þekkti engin kennileiti. Mjög var skuggsýnt, eða eins og hálfrokkið. Rákumst við nú á stóran timburhlaða, sem náði frá fjöruborði og langt út í sjó. Þótti mér nú bera vel í veiði og vorum við hinit kátustu og byrjuðum strax að bjarga undan sjó. Virtist mér að þarna gæti verið um heilan skipsfarm að ræða, allt unnið timbur. Þegar við höfðum farið nokkrar ferðir upp á kambinn spruttu skyndilega upp þrír menn hjá okkur og fara einnig að bjarga tímberi undan sjó. Þótti mér þetta underlegt og inntimanninn sem með mér var hvort

við værum ekki komnir á annars manns fjöru. Þótti mér sem hann væri ekki alveg viss og hættum við timburburðinum. Gekk ég nú fram á viðarstaflann, sem gekk all langt í sjó fram og horfði niður í djúpið. Sýndist mér eins og bjartara þar framundan, sá ég þá í þessum bjarma ótal sjódýr, svo þétt að þar var haus við haus og voru þau mörg uppúr aftur að miðju. Fannst mér dýrin horfa til mín líkt og bænaraugum. Virtist mér þarna saman komin geysi-legt safn alls konar fiska og hvala og bar ég ekki kennsl á eitt einasta þeirra. Varð mér starsýnt á eitt dýr utarlega í hópnum. Líktist það hvalategund sem hér er algeng og heitir Hrafneyður, venjulega kölluð Hrefna, en miklu sverari um miðjuna. Þá mótaði mjög fyrir haus á þessari skepu. Augun voru stór og skær, en beint upp úr hausnum stóðu gríðarstór horn, voru þau allt að meters löng og gleitt á milli þeirra en vafin upp eftir, líkt og á kringilhyrndum hrút. Þegar ég horfði lengi á þennan stórkostlega dýragarð, sem ég undraðist ekki á nokkurn hátt, en tók eins og sjálfsögðum hlut, gekk ég upp á land og kom í smáþorp. Kom ég þar að máli við mann, sem sagði mér, að vegna langvinnrar styrjaldar, sem þar hefði geysað, væri nú svo komið að öllu lífi yrði eytt á hnettimum. Fannst mér, að þetta kæmi mér ekki á óvart, en þótti þetta þó mikil tíðindi. Ekki setti ég þessa frétt í samband beinlínis við mig sjálfan, eða okkar jörð, enda fannst mér ég frekar vera þarna gestur en heimamaður. Draumur þessi endaði, er ég er að tala viðmanninn, sem sagði mér hinum voveif-legu fréttir.

Ragnar Þorsteinsson

## II.

Draumur þessi er all sérkennilegur og merkilegur að því leyti, hve skýrt kemur fram, að um hefur verið að ræða draumsamband við íbúa annars hnattar, þar sem dýralíf er með nokkuð öðrum hætti, en gerist hér á jörð, því t. d. sjódýr eða hvaltegund, sem svo vel er lýst í draumsögu þessari, getur alls ekki átt við okkar jörð, og hlýtur því að eiga sér stað á annarri jörð. Í augum okkar jarðarbúa er það t. d. mjög merkilegt, að stórt sjódýr, í líkingu við hval, skuli hafa stór horn á höfði.

Þá er athyglisvert, að draumgjafanum finnist hann naumast vera íbúi þeirrar jarðar, heldur öllu frekar gestur. Gæti þar e. t. v. komið til eigin hugsun dreymandans, en þó gæti verið um að ræða gest frá annarri stjórn, sem hefði átt þess kost að koma í stutta heimsókn til þeirrar jarðar (líkamast, materialiserast), og að einmitt þessi gestur hefði orðið draumgjafi hins sofandi manns, sem þannig öðlaðist þessa draumreynslu.

(Ritsjóri).

## DRAUMUR UM PYRLU OG UM EIGIN DAUDA

Mér þótti ég vera staddur á ókunnum stað, þar sem setja skyldi á loft nýja tegund af þyrlu. Var hún svo létt að einn maður gat loftað henni, og skyldi flugtakið eiga sér þannig stað, að maður skyldi taka þyrluna og henda henni upp í loftið, en eftir það væri hún sjálfbjarga af eigin vélarafli. Var ég valinn til þessa verks, og gekk ég að þyrlunni til þess að henda henni upp í loftið. Var hreyfillinn kominn í gang og gekk mikinn. Greip ég nú þyrluna og henti henni upp, en mistókst, og svo vildi til að skrúfan rakst í mig og sneið af mér höfuðið og féll líkaminn niður, en höfuðið þeyttist hátt í loft upp. Margir áhorfendur voru, og fannst mér ég sjá atburðinn tilsyndar sem ég væri einn af þeim. Fór ég nú að hugsa um hvorum líkamshlutanum vitund míni myndi nú fylgja, búknum eða höfðinu, og taldi ég víst að hún myndi fylgja höfðinu. Og sem ég nú hugsa þetta er „ég“ kominn upp í höfuðið og sé með augum þess, og svíf þarna langt upp í loftinu og horfi niður á líflausan líkamann og sá fólkisíð í kring sem hafði safnast saman í kringum þyrluna, sem lá mölbrotin þar hjá. Endaði þarna draumurinn.

G. O.

## M Y R —

Úr ljóðum Einars Benediktssonar.

Pó blöðin visni, kemst andinn yfir,  
sá andi, sem hvelfir jökulsins brún —

Framtíð vor býr í hæðunum hátt  
hlut vorn því stærri, sem nú er hann smærri.

Lífstraumar iða hver öðrum móti,  
frá efsta kvisti að dýpstu rót.

En yfir öllu er hvolfsins hylur. —  
— Svo hljótt við jurtírnar suðrænan þylur.  
Þær breiða ylinn, sem eldstjarnan gaf,  
yfir þá jörð, sem þær spretta af.

# Sambandsfundir

Miðilsfundur 26. nóvember 1973.

*Helgi Pjeturss (Sveini):* Helgi, komið þið sæl. Hér eru mjög margir, sem reyna að senda orku til stöðvar ykkar og við reynum að magna fund ykkar og þátttakendur alla og vonum, að vel megi takast. Fjölyrði ei um, hve þýðingarmikið er, að mögnun sé öflug, til þess að um gott samband sé að ræða í hvert sinn. Það sem svo mjög skortir hér, er að menn hafi gert sér grein fyrir lífmagnaninni, það er eins og menn hafi síst áttað sig á henni og lögmálum þeirrar magnanar. Þar af leiðir, að menn hafa ekki lært að veita þessari orku viðtóku og því mikla afli sem svo mikið ríður á að öðlast, til þess að sigrast á hvers konar ófullkomnun lífsins. Mjög er nauðsynlegt að þetta breytist til batnaðar, að hér megi fara að takast mikið samband við líf á öðrum stjörnum, við líf lengra komið. Þá aukningu sambands mun mannkynið verða fært um, að ná tökum á.

*Ari fróði (Sveini):* Komið sæl. Hafið þið gott samband fengið í kvöld, eða þó nokkuð greitt, en það er þó ekki laust við, að samband vilji verða meira og minna slitrótt, þegar dregur úr kraftinum. En þeir sem hér tala við ykkur framliðnir, munu hafa fullan hug á, að tala svo, að telja megi frambærilegt. Og skýrt þarf þetta að geta orðið allt. Ég er að vona, að geta talað við ykkur, svo að skýrt reynist. Ég er ekki ókunnur að öllu á ykkar landi. Fornmaður er ég, og get ég ekki sagt annað, en að ég hef vonað að hér yrði hægt að hafa fullkomið samband við íslenska menn, og við þjóðina í heild þyrrfti að verða fullkomnara samband. Rangar hugmyndir hafa menn um framlífið. Gera þeir sér í hugarlund, að það sé utan við heim stjarnanna og sé á einhverju dularfullu sviði, utan við skynjanlega tilveru.

Nú er því svo farið, að hugmyndir þjóðanna um framlífið munu vera slíks eðlis eða í þá átt og meðan svo er, er ekki við því að búast, að skilyrði séu fullkomin hér, þó vona megi, að úr muni

rætast og að hin rétta hugmynd og þekking, sem hér er nú fram komin á Íslandi, muni sigra og meirihluti þjóðarinnar tileinka sér þann skilning og viljinn á að notfára sré hann, verði æ meiri. Nú er því ekki að heilsa, sem ýmislegt bendir til, að hugur manna hafi náð að komast til stjarnanna, verulega.

Petta er nú erfitt og vandasamt, að hafa áhrif á ríkjandi hugmyndir og leiðréttu þær. Þarf samt að reyna sem hægt er til að vekja athygli á íslenskum uppgötvunum, líffræðilegs eðlis, og það er liggur beint við, til skilnings þeirra er taka að hugleiða mál-ið, það er það, að lífið heldur áfram á öðrum hnöttum, eins og þið munuð skilja. Það er hið eina hugsanlega, þar sem rétt er athugað. Nú er ég íslenskur maður, ekki með öllu ókunnur íslendingum, minningarnar eru tengdar atburðum og atburðir skapa söguna og sagan er efniviður þróunarinnar. Á Íslandi er sagan rituð af meiri snilld en annars staðar. Ég er Ari, sem kallaður var fróði. Hafði ég til míns ágætis nokkuð. Heimildir segja um mig, að ég vildi hafa það er sannara reyndist. Það þurfa íslendingar að tileinka sér. Það er nauðsynlegt að hafa rétta undirstöðu, en ekki vanvísindi. Ekki er auðvelt að tala, meðan sambandsskilyrði eru ekki sem skyldi. Verið sæl.

*Andrés Andrésson, klæðskeri (Sveini):* Komið sæl, Andrés Andrésson. Ég er að vona, að þið viljið hlusta á ræðu mína, ef ég gæti nú eitthvað sagt. Ég er að reyna að hafa áhrif á hluti hér og á fleiri öðrum hnöttum.

Nú er hér í kvöld tilraun gerð til að ná til ykkar frá öðrum hnetti í vetrarbraut ykkar, og þar sem sa hnöttur er, eru menn ákaflega samstilltir um það, að senda kraft til jarðar ykkar og magnan til manna á jörð ykkar, ef einhver möguleiki væri til að veita þeim krafti viðtöku.

(Spurning: Eru nokkrir sjúkdómar þarna hjá ykkur?)

Ég hef ekki enn haft neitt af því að segja sjálfur eða veit til að aðrir hafi af því að segja hér. Orku ykkar er ábótavant mjög og veldur það meðal annars sjúkdóum og ýmsum miklum þjánингum. Undirstöðuatriði er, að uppgötva þessa möguleika, að þyggja orku frá lífmögnuðum mannlynjum. Ef nægilega væri leitað eftir þeirri orku og með samstillaði viðleitni fjöldans, gæti greiðst fyrir í þeim efnum. Samkvæmt stillilögþálinu, þarf að verða hér almenn samstilling, til þess að um verulegar framfarir gæti orðið að ræða á þessu svíði. Ég, Andrés Andrésson, hafði í frumlífi sambandshæfileika talsverða, vissi hvað öðrum leið, skynj-

aði framliðna vini, og fékk frá þeim vitneskju, án þess að skilja það samband. En nú veit ég betur um framlífið, sem ég er nú reynslunni ríkari. Er ég nú líkamlegur á öðrum hnetti. Þýðingarmikið er, að vituð séu skil á þessum efnum. Reyni ég að hjálpa mörgum, en erfitt er að koma því við. Þegar hér tekst að koma því sem þarf, mun einnig greiðast fyrir annars staðar. Ætla ekki að tala meira nú. Verið sæl.

*Halldór Halldórsson, arkitekt (Sveini):* Halldór Halldórsson, komið sæl. Hér er svo mikið og stórkostlegt málefni, að það verður varla of sterkt að orði kveðið um nauðsyn þess, að því megi framengt verða. Langar mig nú til að segja örfá orð, um það at-riði er snertir hugmyndina um, hvort sé um að ræða, að menn hafi átt sér fortilveru, eða hvort menn hafi lifað hér áður og séu endurbornir. Þetta er skaðlegur misskilningur, sem þessi kennинг veldur. Hafði ég ekki gert mér þetta fullljóst áður. Hélt að ef til vill mundu menn fæðast aftur á jörð, þar sem þeir hefðu áður lifað. Þetta kom af því, að menn höfðu endurminningar um fyrri tilveru. En þetta er sambandseðlis. Ég hef séð menn koma hér fram, líkamast, og er oft mjög ánægjulegt að vera viðstaddir slíka viðburði hér. Margir átta sig ekki fyrst í stað. Við reynum að útskýra þetta fyrir þeim, og tekur oft nokkurn tíma, uns þeir láta sér skiljast, að um er að ræða líkamlegt líf á öðrum hnetti og óskyldt því, sem þeir áður héldu. Tefur það oft fyrir því, að þeir skilji hið rétta. Koma þeir oft fram á bersvæði úti, þó ekki alltaf. Í húsum og í sérstökum stofnunum gerist þetta líka. Líkamningin er stundum erfiðari, ef um hefur verið að ræða erfiða sjúkdómsbaráttu. Orka til að skapa hinn nýja líkama er þá ekki eins mikil. En alltaf er hægt að hjálpa öllum, svo að þeir fái hraustan og fagran líkama.

Hér eiga sér stað ástir, og afkvæmi sem afleiðingar þeirra.

(Spurning: Er það á sama hátt og hér?)

Enginn munur er á því og hjá ykkur, en ástarlífð er hér á hærra stigi og farsældin meiri. Hér er þjánning, samfara ástum mun minni en þið þekkið.

(Spurning: Hvernig er með framfarir barna hjá ykkur?)

Þau þroskast hér á svipaðan hátt. Svipaður tími fer til að byggja upp líkamann, að koma upp fullþroska manni, tíminn verðui svipaður, en líkaminn fær meiri orku.

*Ingvar Agnarsson ritaði jafnóðum og talaðist.*

## Miðilsfundur 6. október 1975.

**Ónefndur íslendingur (Sveini):** Á mínum hnetti, þar sem ég er framlíðinn, hef ég átt góða daga og eflst frá því sem ég var á mínu frumlífsstigi. Ég er orðinn miklu færari um að hugsa og nota mátt minn og hæfileika réttilega. Enn sem komið er, er ég háður göllum mínum, sem ég hafði á jörðinni, en ég hef þó getað ráðið við suma þeirra. Nú eru menn misjafnir; sumir eiga auðvelt með það, sem aðrir ráða lítt við. Það má segja, að oft hafi sýnt sig nauðsyn þess, að sigrast á sjálfum sér.

(Spurning: Er langt síðan þú fluttir héðan?)

Ekki er það svo ýkja langur tími. En ég er á sama hnettínunum, sem ég kom fyrst fram á. Það er fyrsti framlífshnöttur minn. Það var gaman að uppgötva kunningjana og framlíðna ættingja, sem ég þekkti, og sem vildu gera allt fyrir mig. Og ég var mjög sæll. Mjög hugsaði ég um hvers eðlis þetta væri, sem nú var komið á daginn. Þetta framlíf virtist svipað og mitt fyrra líf, hvernig sem áþví stóð. Mér kom það á óvart og ég skildi ekki neitt í þessu ástandi, hvernig ég hafði eignast annan líkama og flust á þennan stað, sem ég ekki þekkti.

(Spurning: Kom þér þetta mjög á óvart?)

Já, því ég vissi ekki hvað við tæki og lítið hafði ég hugsað um það í alvöru, hvað biði að jarðlífi loknu. — Petta bar ekki brátt að. Ég lá talsvert lengi rúmfastur, áður en ég skildi við, en ekki mjög þjáður þó.

(Spurning: Hver voru helstu áhugamál þín?)

Kveðskapur var mér ríkur í huga og ég var mikið fyrir skepnur. Ég var bóni, en kveðskapur veitti mér gleði og ég var oft að setja saman erindi. Kvæðamaður og hagyrðingur var ég en ekki neinn afburðamaður þó. Ég er ekki síður gefinn fyrir þetta hér, en er ég var á jörð ykkar. Lifi ég ánæggjulegu lífi hér. Hef ég haft tök á að eflast og ná valdi á sjálfum mér, og ég get betur veitt öðrum lið.

(Spurning: Hafðir þú heyrt um kenningar Nýals?)

Svo var ekki. Ég vissi ekki um neina kenningu um það, sem ég nú þreifaði á. Einkennilegt þótti mér að finna, hvernig þessi nýi líkami var fyrst í óþéttu ástandi, en það varaði ekki lengi; hann varð fljótt eðlilega stinnur viðkomu. Ég fór að þreifa um mig, og var þetta mjög merkileg reynsla, hvernig þessi líkami skapaðist. Mér var ekki ljóst, hvernig þetta mátti gerast, en ég eins og skynjaði þetta um leið og það gerðist, og þetta var mjög einkenni-

legt. Man ég hvernig efnið var að þéttast í mér, ég var eins og nokkurs konar svipur fyrst, en ekki eins og fullmyndaður líkami. Petta var eins og einhvern veginn að dragast saman og þéttast í nýjan líkama. Petta tók ekki langan tíma, heldur skamma stund. Ég gerði mér ekki grein fyrir hversu langan tíma þetta tók.

Hvernig sem þetta á sér stað, þá er eins og maður hafi engin áhrif á þetta. Petta verður, án þess að maður hafi nokkur áhrif á það sjálfur. Petta gerist eins og af sjálfu sér og á mjög einkennilegan hátt. Eins og einhver skilyrði séu þarna til staðar og þau skilyrði eru á einhvern hátt tilbúin. Ég veit ekki hvernig þetta verður, nema að einhverjir hafi þarna hönd í bagga með þessu og fylgist með komu manns.

(Spurning: Hvaða árstíð er hjá ykkur nú?)

Árstíðin hér er nú sumar og er mjög bjart og fagurt sólskin. Talsverður munur er hér á árstíðum og getur komið hér snjór stundum. Ég átti heima á Norðurlandi . . .

*Ólafur Tryggvason, huglæknir (Sveini):* Komið sæl. Ég er Ólafur Tryggvason. Ég er þessi, sem nefndur var huglæknir hér, og er þekktur sem rithöfundur einnig um slík mál.

Ég reyndi að vekja athygli á þessu áhugamáli mínu, og nú finnst mér að ég hefði þurft að vita meira, og rita af meiri þekkingu, en ég gerði. Ég vil láta hér í ljós, að nú hef ég mikinn hug að geta hjálpað fólk til að skilja framlífið og eðli þess í ljósi náttúrufræði og stjörnufræði. Petta er svo stórkostlega merkilegt viðfangsefni, sem varðar líf og framtíð alls mannkyns, hvernig tökum það nær á því. Og ég sé nú að Helgi Pjeturss hafði náð svo undraverðum tökum á sínu rannsóknarefni, að ekki er vansalaust að hundsa það. — Ég er í ölluugarfari og framkomu líkur mér, eins og ég var á jörðinni, að öðru leyti en því, að ég hef nú bætt við reynslu mína og skilning á þessum hlutum. Fæ ég ekki orða bundist, hve glaður ég er að geta sagt ykkur frá staðreyndum. Pað kynnu menn að undrast, sumir, ef þeim bærust til eyrna þessi orð mín, að ég hafi sagt þau, en ég hef aðeins sagt satt og rétt.

Pið hafið með höndum merkilegt mál. Látið það ekki lognast út af í höndum ykkar. Ég veit miklu meira til sjúklinga minna nú en áður. En mikið er komið undir skilningi fólksins. Ég hef mik-ið samband við Dungal. Hann er miklu lærdari læknir en ég. — Ýmislegt hef ég fyrir stafni hér. Ég fæst hér við nám og ég er mjög áhugasamur að kynna mér þetta líf og þessa fögru jörð, sem ég hef nú flust á. Pað er ótæmandi uppsprettu gleði og fróðleiks, að kynna sér þetta allt saman. Verið sæl.

*Ingvar Agnarsson ritaði jafnóðum og talaðist.*

# Lífgeislar

Útgefandi: Félag Nýalssinna

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.  
Ritstjóri: Ingvar Agnarsson.

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Tunglgígur (sjá forsíðumynd) I.A. ....	Bls. 38
Lífmagnan og draumar. K.N. ....	— 39
Viðbætur við kennningar dr. Helga Pjeturss. I.A. ...	— 44
Raddir úr geimnum. P.Á. ....	— 49
Árur og andlátsgerfi. P.J. ....	— 52
Snilliryrði úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar og íslensk heimsfræði. B.B. ....	— 54
Blindur í vöku — sjáandi í draumi. G.G. ....	— 55
„Pað lá við að yrði að svæfa mig aftur.“ P.J. ....	— 56
Hugleiðingar um lífsambönd. G.G. ....	— 58

### LJÓÐ:

Forspjallsorð. Fornólfur ....	— 60
-------------------------------	------

### DRAUMAR:

Draumur um óhugnanlega matreiðslu. I.A. ....	— 61
Draumur um litauðuga myndabók. I.A. ....	— 62
Kona með sítt hár, draumur. I.A. ....	— 63
Gengið á vatni — draumur. S.J. ....	— 63
Draumur um sérkennileg sjódýr o. fl. R.P. ....	— 64
Draumur um þyrlu og eigin dauða. G.O. ....	— 66

### SAMBANDSFUNDIR:

Úr miðilsfund 26. nóv. 1973 ....	— 67
Helgi Pjeturss — Ari fróði — Andrés Andrésson — Halldór Halldórsson	
Úr miðilsfund 6. okt. 1975 ....	— 70
Ónefndur Íslendingur — Ó.T.	

### MYR:

Speki- og snilliorð ....	bls. 48, 51, 55, 57, 59, 66.
--------------------------	------------------------------